



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags ferðamannastaðar við Streitishvarf

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2023/002

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir austasta hluta Streitishvarfs.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Lýsing á deiliskipulagssvæðinu	5
Fornleifaskrá	7
Minjar án hnita	15
Samantekt.....	15
Heimildaskrá	17

Inngangur

Að beiðni Fjarðabyggðar voru fornleifar skráðar á deiliskipulagsreit á Streitishvarfi í Breiðdalsvík vegna væntanlegs skipulags ferðaþjónustumannvirkja á svæðinu. Við skýrslugerðina lágu útmörk mannvirkja ekki fyrir og því eru allar minjar innan svæðið metnar í hættu. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif. Bryndís Zoëga las skýrsluna yfir. Árið 2020 gerðu VG-fornleifarannsóknir fornleifaskráningu á vesturhluta svæðisins vegna lagningar ljósleiðara og voru þrjár minjar skráðar á Streitishvarfi.¹ Vísað er til þeirrar skýrslu þar sem við á.

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Björn Björgvinsson frá Breiðdalsvík, Vilborg Hjartardóttir og Gestur Reimarsson fv. Bændur á Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.

Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2829

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlögd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma

¹ Indriði Skarphéðinsson og Vala Garðarsdóttir, 2020.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í fyrrum landi Streitis er nafn þeirrar jarðar notað en aftan við það bætt verknúmeri frá Minjastofnun Íslands sem í þessu tilfelli er 2829.


Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum landrofs vegna ágangs sjávar en hluti minjanna er staðsettur nálægt sjó. Hætta vegna skipulagsgerðarinnar er ekki mikið verði fullt tillit tekið til minja við framkvæmdir eins og t.d. stígagerð.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/jörðinni er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Lýsing á deiliskipulagssvæðinu (sjá mynd 1)

Streitishvarf (Hvarf) er yst á skaganum milli Breiðdalsvíkur og Berufjarðar. Svæðið sem skráð var afmarkast af þjóðvegi til vesturs og sjó til austur.s Suður mörk eru um 150m suður af þar sem afleggjari liggur af þjóðvegi niður í Hvarfið. Að norðan fylgja mörkin svokölluðum Timburkletti til norðurs frá þjóðvegi, á 200m kafla og beygir þar til austurs í átt til sjávar. Innan svæðis eru Streitisviti, Geitólfsvík og hluti Tyrkjaurðar og Lambhagi.



Mynd 1. Yfirlit yfir minjar á Streitishvarfi, útlínur skipulagssvæðisins eru merktar með ljósri brotalínu.

Ágrip af sögu Streitis

Jarðarinnar Streitis er getið í Landnámu³ þar sem segir: „Skjöldólfur hét maðr, er nam Streiti allt fyrir útan Gnúp og inn öðrum megin til Óss ok til Sköldólfsness hjá Fagradalsá í Breiðdal.“ Jörðin er þó nefnd Stræti í þremur Landnámuhandritum en Streiti er það heiti sem hefur fest í sessi. Bæjarins er einnig getið í Austfirðingasögum⁴ Kirkja var á Streiti í öndverðu og er hennar fyrst getið í máldaga frá 1179 og liggur kirkjan þá undir Heydalakirkju.⁵ Í Wilchins máldaga frá 1397 er Streiti orðin Heydalakirkjujörð. Í jarðabók frá 1686 er jörðin talin 23 hndr.⁶ en í jarðabók Johnsens⁷ er hún sögð 12 hundruð og þá eru 3 hundruð í hjáleigunni Vafrastaðum. Vafrastaða er fyrst getið 1367 en er komi í eyði 1847. Afbýli frá Streiti, auk Vafrastaða voru Fjörður (staðsetning óþekkt), Hvarf (eða Streitishvarf) fór í eyði 1850 og Streitisstækkur sem var í byggð til 1873.⁸ Á Streiti var jafnan margbýlt á síðari öldum⁹ en í manntali 1703 er þar einn ábúandi og þá búa þar 10 manns.¹⁰ Streiti hefur legið í eyði frá 1983.¹¹

Fornleifaskrá



Mynd 2. Horft til vesturs yfir syðsta hluta skráningarsvæðisins þar sem finna má matjurtagarð [2829-001] og smalakofa [2829-002].

³Íslensk fornrit I, bls. 308.

⁴ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 356.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn, 3. bindi, bls. 250.

⁶ Ólafur Lárusson, 1967, bls. 326.

⁷ Jarðatal á Íslandi, bls. 378.

⁸ Halldór Stefánsson, 1970, bls. 185; Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 256þ

⁹ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 356.

¹⁰ Skoðað á síðu Þjóðskjalasafns Íslands.

¹¹ Hjörleifur Guttormsson, 2002, bls. 166.

Streiti 2829-001

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Niðurgroftur, hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Um 220m SV af vitanum á Streitishvarfi, fast undir kletti og um 15m ofan fjöru er matjurtagarður.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er í brekku undir kletti. Hann er grjóthlaðinn á þrjá vegu en kletturinn myndar vesturvegg.

Norður og suðurveggir eru lægri en neðst í brekkunni hefur verið hlaðið undir garðurinn og þar er hleðslan um 80cm á hæð. Garðurinn er 8x14m að stærð.



Mynd 3. Hleðsla neðst í matjurtagarðinum [2829-001].



Mynd 4. Smalakofi [2829-002] sunnan vitans á Streitishvarfi.

Streiti 2829-002

Hlutverk: Smalakofi?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Um 170m VSV af vitanum og 20m suður af götunni niður að vitanum eru leifar grjóthlaðinnar tóftar, e.t.v. smalakofa.

Lýsing

Tóftin er 2,5x3m að utanmáli, hlaðin upp í brekkuna, upp við stóran náttúrustein. Veggurinn er 0.3-1m á hæð. Dyr eru á

mannvirkinu til austurs.

Aðrar upplýsingar

Í sveitarlýsingu í Breiðdælu (bls. 201) segir: „Úti á Hvarfinu er góður útigangur fyrir geldfé. Þar er bæði skýlt og hagasælt.“

Streiti 2829-003

Hlutverk: Viti

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Frammi á kletti syðst á Streitishvarfi var byggður viti árið 1922.

Lýsing

Vitinn var rifinn 1965 og nýr viti byggður á skeri skammt frá landi sem heitir Hlaða. Sá viti brotnaði í brimi. Vitinn sem nú stendur, stendur á sama stað og vitinn frá 1922.

Aðrar upplýsingar

Gamli vitinn var rifinn 1965 og fékk heimildamaður Vilborg Hjartardóttir stálið úr honum til að útbúa dráttarvélakerru.



Mynd 5. Horft til norðurs yfir rétt eða matjurtagarð [2829-004] sem hlaðin er milli tveggja kletta fyrir miðju svæðinu.

Streiti 2829-004

Hlutverk: Rétt, stekkur?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 150m NNV af vitanum á Streitishvarfi er afgirt svæði, mögulega rétt eða stekkur.

Lýsing

Grjóthleðslur liggja milli tveggja bergganga og mynda ferkantað svæði um 26m á lengd og 8m á breidd. Nyrðri garðurinn er 6m á lengd en sá syðri 5m. Klettarið annars berggangsins myndar vesturvegg en austur veggur er óleggri og hefur mögulega verið lágt garðlag undir girðingu. Hleðslur í veggnum eru frá því að vera 30-60cm háar og um 70cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í eldri örnefnaskrá (Örnefni í Streitislandi, bls. 1) er athugasemd Guðmundar Kristjánssonar á Streiti og þar segir hann „Ytri-Stekkur ofan við Skarfakamb. Hann er í Hvarfinu“ Þessum texta

er bætt við með penna inn í örnefnaskrána. Ef langi kamburinn austanvert við Geitólfsvíkina er Skarfakambur kann þessi tóft að vera Ytri-Stekkur en ekki er loka fyrir það skotið að þar sé átt við tóft á sjávarbakka Geitólfsvíkur [2829-008].

Streiti 2829-005

Hlutverk: Brunnur?

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 25m norður af vitanum á Streitishvarfi, upp af svokallaðri Geirólfsvík er ferkantaður niðurgröftur fullur af vatni, mögulega brunnur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 0,7x1m að stærð. Náttúrusteinn er við norðurenda. Niðurgröfturinn var fullur af vatni og ekki hægt að greina hvort í honum væru hleðslur. Gæti tengst mögulegri sjóbúð frammi á sjávarbakka við víkina eða verið til brynninga fyrir skepnur.



Mynd 6. Niðurgröftur, líklega brunnur [2829-005] ofan Geitólfsvíkur.



Mynd 7. Hrunin kofatóft [2829-006], grjóthlaðin.

Streiti 2829-006

Hlutverk: Smalakofi, óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots. Er uppi á kletti sem sjór brýtur á

Staðhættir

260m beint norður af vitanum á Streitishvarfi, frammi á kletti er grjóthlaðin kofatóft.

Lýsing

Tóftin snýr SSV-NNA, er 3x3,6m að utanmáli og mjög hrunin. Hleðslan er um 20-40cm á hæð og um 30cm á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Veggir eru mjög óverulegir. Þetta kunna að vera leifar af kofa fyrir smala sem hefur setið yfir fé á svæðinu. Í sveitarlýsingu í Breiðdælu (bls. 201) segir: „Úti á Hvarfinu er góður útigangur fyrir geldfé. Þar er bæði skýlt og hagasælt.“

Streiti 2829-007

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

9m suður af mögulegum smalakofa [2829-006] eru leifar einfaldrar hleðslu.

Lýsing

Um er að ræða einfalt lag af grjóti, mest um 20cm á hæð

Aðrar upplýsingar

Hafi grjótið verið undan girðingu hefur hún girt af klettinn sem fiskbyrgið [nr.] stendur á.

Streiti 2829-008

Hlutverk: Sjóbúð?, Stekkur?

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots

Staðhættir

Um 330m norður af vitanum á Streitishvarfi við svokallaða Geitólfsvík, eru tóftarleifar fremst á sjávarbakka.

Lýsing

Tóftin er um 11m löng og um 5m á þykkt. Hún snýr NNA-SSV og virðist tví- eða þrískipt en austurveggur er mjög óglöggur.

Tóftin er mjög jarðsokkin, vegg hæð 20-50cm og veggjabreidd 80cm

Aðrar upplýsingar

Tóftin líkist við fyrstu sýn einna helst sjóbúðatóft en það telst þó ekki líklegt miðað við örnefnaskrá Streitis (bls. 2) þar sem segir: „Lambhagi er graslendi milli hennar [Hvarfshafnar] og Geitólfsvíkur, sem er nokkuð stór vík. Þar er ekki hægt að lenda.“ Í eldri örnefnaskrá (Örnefni í Streitislandi, bls. 1) er athugasemd Guðmundar Kristjánssonar á Streiti og þar segir hann „Ytri-Stekkur ofan við Skarfakamb. Hann er í Hvarfinu“ Þessum texta er bætt við með penna inn í örnefnaskrána. Ef langi kamburinn austanvert við Geitólfsvíkina er Skarfakambur kann þessi tóft að vera Ytri-Stekkur.

Farið er að brotna úr norðurhlíð tóftarinnar og hún því í mikilli hættu vegna sjávargangs.

Streiti 2829-009

Sérheiti: Lambhagi


Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Um 500m NNV af vitanum á Streitishvarfi er hlaðinn veggur milli tveggja bergganga.

Lýsing



Mynd 8. Minjar ofan/við Geitólfsvík/ur.



Mynd 9. Horft til suðurs yfir stekk [2829-010] og garðlag [2829-009] í Lambhaga. Til vinstri má sjá hvar sjór brýtur sér leið inn í bás neðan við stekkjartóftina.

Grjóthleðsla hefur afgirt svæði milli tveggja bergganga. Hleðslan er 18m löng, 20-40cm á hæð og um 50cm á breidd. 1m breitt hlið hefur verið á milli austurenda hleðslunnar og austari berggangsins. Hleðslan girðir af svæði sem er um 120m langt og 30m breitt. Í norðurenda lokar standberg í sjó svæðinu. Innan svæðisins eru tvö hól afmörkuð með garðlögum [2829-010].

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Streitis (bls. 2) segir: „Lambhagi er graslendi milli hennar [Hvarfshafnar] og Geitólfsvíkur [...]. Þessi garður hefur afmarkað svæði sem hefur verið fjárhelt og kann því að vera umræddur Lambhagi.

Í skráningarkýrslu VG-Fornleifarannsóknna (bls. 24) vegna ljósleiðara lagningar hefur garðurinn númerið 012.

Streiti 2829-010

Sérheiti: Lambhagi

Hlutverk: Stekkur?, rétt?

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 500m NNV af vitanum á Streitishvarfi er hlaðinn veggur milli tveggja bergganga. Um 20m norðan veggjarins eru tvenn lág garðlög.

Lýsing

Þrjú hlaðin garðlög liggja í brekku upp við vestari bergganginn og mynda þar hól sem er 7x12m að stærð. Annað hól 7x9m er áfast á NA hlið. Veggirnir eru 20-40cm háir en nyrðra



Mynd 10. Yfirlitsmynd yfirmannvirkjum í Lambhaga.

hólfíð er að hluta grafið inn í brekkuna og er vestur veggur hæstur um 70cm. Hafi verið stekkið þarna er stærra hólfíð rétt og minna hólfíð lambakró. Mannvirkið er þó stæðilegra en flestir stekkir, þarna gæti einnig verið um rétt að ræða. Veggjaþykkt er um 40-50cm.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Streitis (bls. 2) segir: „Lambhagi er graslendi milli hennar [Hvarfshafnar] og Geitólfsvíkur [...]. Í eldri örnefnaskrá (Örnefni í Streitislandi, bls. 1) er athugasemd Guðmundar Kristjánssonar á Streiti við örnefnið Lambhagi. Þar segir hann „Stekkur í Lambhaga. Þar gengur sjór inn.“ Þessi lýsing á vel við garðinn sem hér um ræðir. Neðri hluti hans stendur fremst

frammi á klettabrún ofan við þar sem sjór rennur inn milli tveggja bergganga.

Í skráningarkýrslu VG-Fornleifarannsóknna (bls. 23) vegna ljósleiðara lagnar hefur mannvirkið númerið 011.



Mynd 11. Horft til suðurs yfir minjar við Geitólfsvík. Á myndinni má sjá jarðsokknar tóftaleifar, mögulega af sjóbúð eða stekk [2829-008]. Þarna sést hvernig mannvirkið er byrjað að brotna í sjó fram. Hleðsla með óþekkt hlutverk [2829-013] er vinstra megin við stekkinn. Aðrar minjar í umhverfi vikunnar eru merktar inn með númerum.

Streiti 2829-011

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Gata liggur yfir klettahæð milli Geitólfsvíkur og Lambhaga og áfram þaðan yfir í Streitishöfn.

Streiti 2829-012

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Gata liggur til suðurs upp úr Geitólfsvíkinni og skiptist þar í tvennt, liggur annarsvegur upp í gegn um tvo bergganga og hins vegar til suðurs í átt að vitanum.

Streiti 2829-013

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta vegna sjávargangs

Staðhættir

Um 20m beint austur af meintri sjóbúðartóft [2829-008] eru leifar einhverskonar grjóthleðslu, mögulega grunns.

Lýsing

Þarna er dreift grjót á um 5x5m ferköntuðu svæði. Ekki er þarna um að ræða eiginlega vegg og hefur mannvirkið líklega skemmst vegna ágangs sjávar.

Streiti 2829-014

Sérheiti: Timburklettur

Hlutverk: Þjóðsaga

Tegund: Klettur

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Norðurhluti Streitishvarfs nefnist Tyrkjaurð. Þar er svokallaður Timburklettur sem liggur frá þjóðvegi beint til norðurs á um 300m löngum kafla.

Aðrar upplýsingar

Í skrá um örnefni í Streitislandi, bls. 3) segir:

„Timburklettur er nefndur

svo af munnmælum, að þar hafi Streitisbóndi mætt 18 Tyrkjum, er hann kom með skógviðahest ofan úr Djúpadal, og drepið þá alla með stærsta viðarlurkinum, og eru þeir svo dysjaðir í



Mynd 12. Horft til suðurs yfir hluta Streitishvarfs. Hægra megin á mynd uppi við þjóðveginn má sjá svokallaðan Timburklett og urðina neðan hans þar sem sagan segir að Streitisbóndi hafi banaði Tyrkjum.

stórgrýtinu þar við klettinn.“ Í viðauka Guðmundar Kristjánssonar frá Streiti við örnefnaskrána stendur að bóndi hafi komið að mönnunum sofandi og drepð þá með ístaðinu. Í skráningarkýrslu VG-Fornleifarannsóknna (bls. 22) vegna ljósleiðara lagnar hefur Timburklettur númerið 010.

Minjar án hnita

Streiti 2829-015

Sérheiti: Ytri-Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í eldri örnefnaskrá (Örnefni í Streitislandi, bls. 1) er athugasemd Guðmundar Kristjánssonar á Streiti og þar segir hann „Ytri-Stekkur ofan við Skarfakamb. Hann er í Hvarfinu“ Þessum texta er bætt við með penna inn í örnefnaskrána. Heimildamenn könnuðust ekki við þetta örnefni. Ef langi kamburinn austanvert við Geitólfsvíkina er Skarfakambur gæti lýsingin átt bæði við réttartóft [2829-004] og tóft á sjávarbakka Geitólfsvíkur [2829-008], það verður þó ekki fullýrt.

Samantekt

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum	Án hnita	Samtals
Enn til staðar	13	0	13
Horfna	1	0	1
Fundust ekki	0	1	1
Alls:			15

Alls voru 15 minjar skráðar á deiliskipulagssvæðinu. Prettán minjar eru enn til staðar og voru mældar upp. Hnit er sett á þjóðsögustaðinn Timburklett en þar eru engar eiginlegar minjar. Streitisvitinn sem reistur var 1922 er horfinn en núverandi viti stendur á sama stað og var tekið hnit á honum. Ytri-Stekkur er nefndur í viðbótum við örnefnaskrá en ekki er vitað hvar hann var. Allar minjarnar teljast fornleifar samkvæmt 100 ára reglu laga um menningarminjar.¹² Minjarnar á Streitishvarfi eru góður minnisvarði um búskap og landnytjar við sjávarsíðuna fyrir á öldum og henta vel til merkinga og kynningar fyrir ferðamenn.

Fyrir utan þjóðsöguna um Tyrkjavígið og vitann sem er horfinn teljast allar minjarnar hefðbundnar búskaparminjar frá 19. – fyrri hluta 20. aldar. Í Breiðdælu er þess getið að snemma grænki á Hvarfinu og að þar hafi verið gott að halda fê og bera minjarnar þar þess vitni. Syðst á Hvarfinu undir kletti eru matjurtagarður [2829-001] og smalakofi [2829-002]. Leifar af rétt eða mögulega stekk [2829-004] er milli tveggja kletta norðan vitans. Leifar af grjóthlöðnum kofa [2829-006], líklega smalakofa liggur frammi á kletti syðst á kambum sem gengur í sjó fram austanvert við Geitólfsvík. Grjóthleðsla [2829-007] liggur skammt sunnan kofans. Á

¹² Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

sjávarbakka ofan Geitólfsvíkur eru leifar af tóft [2829-008] sem gætu verið af sjóhúsi eða stekk. Leifar einhverskonar grjóthleðslu [2829-013] eru ofan sjávarbakka austast í vikinni, óvíst hvernig mannvirki það hefur verið. Ferkantaður brunnur [2829-005] er ofarlega í vikinni, líklega til að brynnna fé. Tvær götur liggja upp frá Geitólfsvík, annarsvegar til norðurs í átt að Lambhaga [2829-011] og þaðan áfram að Streitishöfn og býlinu Hvarfi og hinsvegar til suðurs [2829-012] í átt að Streitisbæ. Norðarlega á deiliskipulagssvæðinu í svokölluðum Lambhaga eru leifar af rétt eða stekk [2829-010] sem er girt er af með grjóthleðslu [2829-009]. Nyrst á Streitishvarfi liggur Streitishöfn og við hana fornbýlið Hvarf eða Streitishvarf. Þessar minjar eru utan við deiliskipulagssvæðið og því ekki taldar með hér.

Hættumat

Við skráninguna lá ekki fyrir hvar mannvirki verða sett niður þannig að allar minjar sem enn eru til staðar innan framkvæmdasvæðis, aðrar en þjóðsögustaðurinn við Timburklett, eru metnar í hættu vegna mögulegra framkvæmda. Hættumat einstakra minja getur breyst þegar búið er að hanna svæðið og er kjörið að taka tillit til minja í hönnunarferlinu. Vegna nálægðar við sjó teljast fjórar minjar hinsvegar í einhverri, hættu vegna ágangs sjávar [2829-001, 002, 006 og 007]. Almennt teljast minjarnar þó ekki í mikilli hættu nema tvær minjar frammi á sjávarbakka í Geitólfsvík, stekkur [2829-008] og hleðsla [2829-013] sem ágangur sjávar þegar skemmt að hluta.

Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Breiðdæla (1948). Jón Helgason og Stefán Einarsson gáfu út. Prentsmiðja Jóns Helgasonar.

Halldór Stefánsson (1970) Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum. *Múlaping* 5. Sögufélag Austurlands, bls. 172-188.

Hjörleifur Guttormsson (2002). Austfirðir frá Álftafirði til Fáskrúðsfjarðar. *Árbók Ferðafélags Íslands 2002*. Ferðafélag Íslands.

Indriði Skarphéðinsson og Vala Garðarsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara: Frá Núpum í Berufirði að Ós í Breiðdal*. VG-Fornleifarannsóknir 2551-2020.

Íslenskt fornbréfasafn III. 1857-1876. Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslensk fornrit I. Íslendingabók. Landnámabók. Jakob Benediktsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag 1986.

Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

Ólafur Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund University.

Sveitir og jarðir í Múlapingi 3. bindi. (1976). Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrár:

Örnefni í Streitislandi. Skráð af Gísla Sigurðssyni frá Krossgerði með viðauka frá Guðmundi Kristjánssyni á Streiti. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Streitis. Guðrún Magnúsdóttir fór yfir örnefni með Sigurði Guðmundssyni frá Streiti. Örnefnastofnun Íslands.

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.06.2020

www.manntal.is

Heimildamenn:

Björn Björgvinsson

Vilborg Hjartardóttir

Gestur Reimarsson

Fylgiskjöl

Streitishvarf_hnitaskrá

Minjar með hnitum										
Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2829-001		matjurtagarður	niðurgröftur, hleðsla	1850	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	738470	479252
2829-002		óþekkt, smalakofi	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	landbrot	738505	479306
2829-003		viti	heimild	1922	1967	horfin	engin hætta		738672	479358
2829-004		rétt, stekkur?	hleðsla	1800	1900	greinanleg	hætta	framkvæmdir	738630	479526
2829-005		brunnur?	niðurgröftur	1800	1950	vel greinanleg	lítil hætta	framkvæmdir	738651	479631
2829-006		smalakofi, óþekkt	tóft	1700	1900	vel greinanleg	hætta	landbrots	738676	479617
2829-007		óþekkt, fyrirhleðsla	hleðsla	1800	1950	greinanleg	hætta	landbrot	738676	479604
2829-008		sjóbúð, stekkur?	tóft	1500	1855	vel greinanleg	mikil hætta	landbrots	738676	479690
2829-009	Lambhagi	fyrirhleðsla	hleðsla, garður	1800	1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	738540	479844
2829-010	Lambhagi	óþekkt, stekkur?	hleðsla	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	738556	479864
2829-012		leið	gata	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	738665	479651
2829-011		leið	gata	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	738573	479768
2829-013		óþekkt	hleðsla	1800	1950	greinanleg	mikil hætta	landbrot	738695	479686
2829-014	Timburklettur	þjóðsaga		1700	1950	greinanleg	engin hætta		738459	480064
Minjar án hnita										
2829-015	Ytri-Stekkur	stekkur	heimild	1700	1900		ómetið			